

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 22.40. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 22.40 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23.5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42.5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 28 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafn-Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 10. nóvember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar.			
Orkugjald	kr. 209	au/kWh.
12. Til almennrar lýsingar.			
Orkugjald	— 63,1	au/kWh.
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.			
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	— 10,70	kr/m ² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	— 3,96	kr/m ² á ári

13. Til götulýsingar.
Orkugjald — 63,1 au/kWh.
14. Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald — 104 au/kWh.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar.
Orkugjald — 47,7 au/kWh.
Fastagjald af hverju herbergi — 43.00 kr/á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.
22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu tæki fasttengd.
Orkugjald — 47,7 au/kWh.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Til véla o. fl.
Orkugjald — 104 au/kWh.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungu lægra.
32. Til véla o. fl.
Orkugjald — 16,5 au/kWh.
Aflgjald, lágmark 2 kW — 1 653.00 kr/á ári
Aflgjald, umfram 2 kW — 551.00 kr/kW á ári
Gjaldskytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.
33. Til véla.
Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Orkugjald — 16,6 au/kWh.
Aflgjald, lágmark — 1 540.00 kr/á ári
Aflgjald, af uppsettum kW. í málraun véla, umfram 2 kW. — 438.00 kr/kW. á ári
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra til tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	—	39	au/kWh.
42. Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag. Orkugjald	—	16,8	au/kWh.
43. Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til. Orkugjald	—	10,3	au/kWh.
44. Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annara hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til. Orkugjald	—	19,2	au/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirætlum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	35.00
Orkumælir, þrífasa	—	78.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	—	192.00
Aflmælir	—	180.00
Aflmælir með straumspennum	—	288.00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loflína kr/stólpa
1× 63	2 520.00	82.00	864.00
3× 63	2 725.00	82.00	1 070.00
3× 100	3 240.00	92.00	1 375.00
3× 200	5 160.00	125.00	
3× 315	10 890.00	174.00	
3× 400	15 240.00	Samkv. kostn.	
3× 710	25 250.00	—	
3×1200	40 420.00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa hú sveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1×63 A kr. 555.00 3×63 A kr. 750.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 280.00 á ári. Misrun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 47.00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 2.450 hverja kWst. Við þessu verði skal stlja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 1.015 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 10.719 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-